

## Fundargerð fjallskilanefndar Eyja og Miklaholtshrepps 23. ágúst 2016

### Fundurinn var haldinn í Þverárétt

Mættir. Svanur Guðmundsson, Sigurbjörn Magnússon, Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson og Eggert Kjartansson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Mál. Ákveðin tilhögun fjallskila. Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda Fjallskilaskildar eru 1814 kindur, eða um 46 fullorðnar kindur á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útrétta, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar. Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samvirkusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda.
2. Mál. Málefni lögrétta. Þverárétt var skoðuð af nefndarmönnum og ákveðið að skoða með byggingu á nýrri rétt, bæði hvað varðar kostnað og staðsetningu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.